

## Fundargerð

169. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra var haldinn miðvikudaginn 14. janúar 2015, kl. 13.15 að Furuvöllum 1, Akureyri.

### Dagskrá

#### 1. Kynning á vegum Umhverfisstofnunar

Kristín Linda Árnadóttir forstjóri Umhverfisstofnunar og Ólafur A. Jónsson á sviði náttúru hjá Umhverfisstofnun kynntu hlutverk heilbrigðisnefnda og Umhverfisstofnunar, þ.m.t. yfirumsjónarhlutverk Umhverfisstofnunar. Fram kom að unnið er að gerð nýrra lag um Umhverfisstofnun. Rætt var um hvernig bæta megi mengunar- og heilbrigðiseftirlit og skipst var á skoðunum um fjölmörg álitamál og skipan og framkvæmd eftirlits. Þá var rætt um vöktunar-áætlanir fyrir vatn, áhættumat í mengunareftirliti og kortlagningu hávaða frá umferð í þéttbýli, s.s. á Akureyri. Fráveitumál í Mývatnssveit og ofauðgunarástand í Mývatni var rætt sérstaklega og kom fram að afar mikilvægt er að draga verulega úr álagi næringarefna í Mývatni með því að hrinda í framkvæmd hreinsun á því skólpi sem fellur til á vatnasvæði Mývatns. Umhverfisstofnun lagði fram til kynningar minnisblað sem stofnunin sendi til sveitarstjórnar Skútustaðahrepps og skipulags- og byggingafulltrúa þann 7. október s.l. þar sem fjallað er sérstaklega um kröfur um meðferð skólps á svæði Mývatns og Laxár. Nauðsynlegt er að sveitarstjórn Skútustaðahrepps setji fram tímasetta aðgerðaráætlun um ítarlega hreinsun skólps frá þéttbýli og atvinnustarfsemi og að einstök hús uppfylli kröfur um tveggja þrepa hreinsun. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps er skylt að afla starfsleyfis heilbrigðisnefndar vegna fráveitu og skólphreinsistöðva.

#### 2. Hávaði frá Vaðlaheiðargöngum

María Markúsdóttir heilbrigðisfulltrúi kynnti stöðu mála varðandi aðgerðir Ósafis til að koma í veg fyrir að hávaði frá loftræsikerfi Vaðlaheiðarganga berist yfir í Akureyrarbæ. Einangrað hús sem var reist utan um loftræsiblásara hefur ekki skilað tilætluðum árangri. Ákveðið var að gera kröfu um á að slökkt verði á loftræsikerfi Vaðlaheiðarganga frá kl. 10.00 að kvöldi til kl. 02.00 að nóttu dag hvern þannig að hávaði valdi ekki íbúum á Akureyri óþægindum á viðkvæmum tíma seint um kvöld og fram á nótt. Jafnframt var ákveðið að hafa samráð við Vinnueftirlit ríkisins um stöðu mála varðandi endurbætur á loftræsikerfi Vaðlaheiðarganga.

#### 3. Umsóknir um starfsleyfi

1. Sambíóin Akureyri (Nýja- Bíó), kt. 430169-5059, Ráðhústorgi 8, 600 Akureyri. Bíórekstur og veitingasala. Endurnýjun á starfsleyfi. **Samþykkt.**
2. Borgarbíó, kt. 701299-4939, Hólabraut 12, 600 Akureyri. Bíórekstur og veitingasala. Endurnýjun á starfsleyfi. **Samþykkt.**
3. Dagvistun Amponar og Kristins, kt. 110365-2339, Eiðsvallagata 8, 600 Akureyri, daggæsla allt að 10 barna. Endurnýjun á starfsleyfi. **Samþykkt.**
4. Skútabergh ehf., kt. 510108-0350. Efnisvinnsla úr námu í landi Skúta í Hörgársveit. Nýtt starfsleyfi. **Afgreiðslu frestað.**
5. Orkey ehf., kt. 440507-0690, Njarðarnesi 10, 603 Akureyri. Lífdísselframleiðsla. Endurnýjun starfsleyfis. **Afgreiðslu frestað.**
6. Mublur ehf., kt. 451113-0620, Brekkugötu 13. Trésmíðaverkstæði. Nýtt starfsleyfi. **Afgreiðslu frestað.**

**Önnur mál:**

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl. 16.15

Ákveðið var að halda næst fund í heilbrigðisnefnd þann 4. febrúar n.k.

---

Pétur Maack Þorsteinsson  
formaður

---

Alfreð Schiöth

---

Svanhildur Dóra Björgvinsdóttir

---

Þorkell Björnsson

---

Hólmfríður G. Jónsdóttir

---

Þórey Agnarsdóttir

---

Hafsteinn H. Gunnarsson

---

María Markúsdóttir

---

Þórarinn Þórisson

---

Jón Torfi Halldórsson

---

Kristín Halldórsdóttir